



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2026
MSS26060098
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 16.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um símafrí í grunnskólum

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða símafrí í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2026 og mæla áhrif þess á námsárangur og líðan barna og fagumhverfi í samstarfi við háskólasamfélagið.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Vinstreisins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar samþykkt tillögu um símafrí í grunnskólum borgarinnar. Með símafrí er átt við að nemendur noti ekki eigin farsíma eða snjalltæki á skólatíma, þar með talið í frímínútum og hádegishléum, nema með sérstöku leyfi starfsfólks eða vegna skilgreindra undantekninga. Notkun snjallsíma er stór þáttur í daglegu lífi barna og ungmenna og hafa vaknað mikilvægar spurningar um áhrif símanotkunar á skólastarf, einbeitingu, samskipti nemenda og velferð. Skólinn á að vera griðastaður þar sem börn geta einbeitt sér að námi, þjálfað félagsfærni og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu án stöðugs áreitis frá snjalltækjum. Áhrif símafrísins verða metin með skipulegum hætti í samstarfi við háskólasamfélagið á tveggja ára tímabili, en við matið verður meðal annars horft til námsárangurs, starfsumhverfis kennara og hvaða áhrif símafríð hefur á líðan nemenda.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar styðja að skólar setji sér skýrar reglur um notkun síma og snjalltækja á skólatíma. Raunin er að langflestir skólar hafa nú þegar gert það. Við höfum þó áhyggjur af því að enn eitt verkefnið verði lagt í hendur kennara sem eru nú þegar undir gríðarlegu álagi í sínu starfi. Það er mikilvægt að útfærslan verði ákveðin í samstarfi við bæði skólasamfélagið og foreldra.



Reykjavík



Borgarfulltrúar Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Affarasælast er að treysta skólasamfélaginu, nemendum og foreldrum þeirra, stjórnendum, kennurum og starfsfólki til að útfæra snjallsímanotkun nemenda á skólatíma og í skólastarfi. Nú þegar eru reglur um símanotkun í langflestum ef ekki öllum grunnskólum Reykjavíkur. Drög að reglugerð stjórnvalda hafa verið sett fram og eru nú í samráðsgátt. Margar spurningar vakna: Er það verkefni borgarstjórnar og stjórnvalda að taka fram fyrir hendurnar á fagfólki í grunnskólum og íhlutast um það hvernig skóladegi nemenda og skólastarfi er háttað að öllum forspurðum og án samtals? Er ástandið þannig að það er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að vera með slíka afskiptasemi og forræðishyggju? Verða þau úrlausnarefni sem steðja að ungu fólki í dag í sínu námi leyst með símabanni á skólatíma? Vinstrið telur að áhrif tækninnar og mótun samfélagsmiðla á fólk og samfélög sé stórt viðfangsefni sem þarfnast umræðu, rannsókna og fræðslu. Gjalda skal varhug við einföldum lausnum við flóknum viðfangsefnum samtímans.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands styður fyrirbyggjandi tillögu og fagnar því að unnið verði að mótvægisáðgerðum samhliða símafríi til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og efla virka þátttöku í skólasamfélaginu með fjölbreyttri afþreyingu. Ljóst er að símafrí felur í sér töluverða breytingu á lífi barna og ungmenna og mikilvægt er að styðja við farsæla innleiðingu. Þetta verður að vera samstillt áttak og leggur fulltrúinn áherslu á að farið verði í samráð við skólastjórnendur um samræmt fyrirkomulag um hvar og hvernig tækin skulu vera geymd í stað þess að fela hverjum og einum skóla að finna eigin reglur. Heilt á litið mun tillagan fela í sér jákvæða breytingu á skólastarfi ef innleiðing er skipulögð og markviss.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Borgarstjórn Reykjavíkur 16. júní 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um símafrí í grunnskólum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða símafrí í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2026 og mæla áhrif þess á námsárangur og líðan barna og fagumhverfi í samstarfi við háskólasamfélagið.

Greinargerð

Notkun snjallsíma er stór þáttur í daglegu lífi barna og ungmenna. Samhliða því hafa vaknað mikilvægar spurningar um áhrif símanotkunar á skólastarf, einbeitingu, samskipti nemenda og líðan þeirra. Skólinn á að vera griðastaður þar sem börn geta einbeitt sér að námi, þjálfað félagsfærni sína og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu án stöðugs utanaðkomandi áreitis frá snjalltækjum.

Umræða um símafrí í grunnskólum hefur verið umtalsverð síðustu misseri en menntamálaráðuneytið birti drög að reglugerð um símafrí í grunnskólum í samráðsgátt stjórnvalda 10. júní 2026. Þar er einblínt á þrennt; notkun síma og snjalltækja sem ekki eru í eigu eða umsjón skóla er óheimil á skólatíma, síma og snjalltæki í eigu eða umsjón skóla skal eingöngu nota í kennslufræðilegum tilgangi eða vegna stuðningsþarfa nemenda, símar og snjalltæki sem ekki eru í eigu eða umsjá skólans skulu ekki vera aðgengileg nemendum á skólatíma og skulu þau geymd á fyrirfram ákveðnum stað. Hver skóli mótar svo reglur um hvar og hvernig tækin skuli geymd.

Lagt er upp með að innleiðing borgarinnar á símafrí verði í samræmi við áform ráðuneytisins. Ekki er víst hvenær reglugerð um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla tekur gildi. Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, fjallar um notkun tækni í skólastarfi í alþjóðlegri menntamálastyrksáskýrslu sinni frá 2023. Þar er lögð áhersla á að tækni eigi aðeins að nota í kennslu þegar hún styður með skýrum hætti við námsmarkmið og námsárangur. Tækni getur verið gagnlegt verkfæri við ákveðnar aðstæður, en óhófleg notkun eða notkun á ófullnægjandi hátt getur einnig haft neikvæð áhrif. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að nálægð farsíma geti truflað nemendur og haft neikvæð áhrif á nám. Þetta þýðir ekki að hverfa eigi frá tækninotkun í skólastarfi. Ekki er samasemmerki á milli símafrís og banns við notkun stafrænnar tækni við nám. Nemendur þurfa að læra að nýta tækni með ábyrgum hætti og skólar eiga áfram að geta notað spjaldtölvur, tölvur og annan búnað sem gagnast í kennslu. Mikilvægur munur er þó á slíkum búnaði og snjallsímum í einkaeigu. Skólinn getur stýrt því hvaða forrit og gögn eru notuð í skólabúnaði, hvenær búnaðurinn er notaður og í hvaða tilgangi. Hið sama gildir ekki um síma nemenda.

Næstum öll börn á mið- og unglingastigi grunnskóla eiga farsíma. Samkvæmt könnun Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands, sem birt var árið 2022, áttu 95% barna í 4.-7. bekk eigin farsíma og hlutfallið var 98% meðal nemenda í 8.-10. bekk. Þótt farsími sé ekki í öllum tilvikum snjallsími má ætla að stór hluti þessara tækja sé nettengdur snjallsími.



Reykjavík



Símafrí í skólum snýst fyrst og fremst um velferð barna. Félagsfærni byggist á þjálfun og daglegum samskiptum. Frímínútur og hlé á skólatíma gegna þar mikilvægu hlutverki. Með símafríi skapast aukið svigrúm fyrir samtöl, leik, hreyfingu og samveru. UNESCO hefur jafnframt bent á að nettengd tæki geti magnað upp neteinelti í skólaumhverfinu og að samfélagsmiðlanotkun geti haft áhrif á líðan og sjálfsmynd barna og ungmenna.

Í skýrslu UNICEF frá árinu 2020 var meðal annars lagt mat á félagsfærni 15 ára barna út frá því hvort þau teldu sig eiga auðvelt með að eignast vini í skólanum. Um 76% íslenskra þátttakenda svöruðu þeirri spurningu játandi. Ísland var þar fyrir neðan mörg samanburðarlönd. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að skóla- og frístundastarf skapi raunveruleg tækifæri til samskipta og samveru.

Reynsla íslenskra skóla bendir einnig til þess að takmörkun símanotkunar geti bætt skólabrag. Í umbótaáætlun Varmárskóla í Mosfellsbæ, sem unnin var í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar árið 2019, er það talið til styrkleika skólans að símabann sem tekið hafði verið upp í skólareglum hefði bætt skólabrag.

Hér þarf þó að horfa til þess að símar hafa ákveðið afþreyingargildi fyrir nemendur og að innleiðing símafrís krefst undirbúnings. Séu símar teknir úr daglegri notkun á skólatíma þarf samhliða að tryggja fjölbreytta afþreyingu, einkum fyrir nemendur á unglingastigi. Þar má meðal annars horfa til betri aðstöðu til samveru, spila, útileikja, aðgangs að íþróttaaðstöðu og skipulagðrar afþreyingar. Slíkar aðgerðir geta stuðlað að aukinni þátttöku, samveru og félagsfærni nemenda.

Reglur um símanotkun eiga að taka mið af velferð barna eins og aðrar reglur í skólastarfi. Mikilvægt er að nemendur, foreldrar og starfsfólk eigi aðkomu að innleiðingunni og að tilgangur reglnanna sé skýr. Einnig þarf að gera ráð fyrir málefnalegum undantekningum, til dæmis þegar sími er nauðsynlegt hjálpartæki vegna fötlunar, heilsufars eða námsþarfa eða þegar starfsfólk heimilar notkun vegna tiltekins verkefnis.

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að innleiða símafrí í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2026. Með símafríi er átt við að nemendur noti ekki farsíma eða sambærileg snjalltæki á skólatíma, þar með talið í frímínútum og hádegishléum, nema með sérstöku leyfi starfsfólks eða vegna skilgreindra undantekninga. Skólarnir þurfa að hafa viðeigandi aðstöðu og skýrt verklag til að geyma síma á öruggan hátt frá upphafi til loka skóladags.

Jafnframt er lagt til að áhrif símafrís verði metin með skipulegum hætti í samstarfi við háskólasamfélagið á tveggja ára tímabili. Við matið verði meðal annars horft til námsárangurs, líðanar nemenda, starfsumhverfis kennara og annars starfsfólks.

